

AUGLÝSING

um umferð í Grundarfirði.

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40, 23. apríl 1968 og að fengnum tillögum hreppsnefndar Eyrarsveitar eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð í Grundarfirði:

- 1) Grundargata skal hafa aðalbrautarrétt gagnvart hliðargötum svo sem hér segir:
biðskylda á Hlíðarvegi við Grundargötu
„ „ Borgarbraut við Grundargötu
„ „ Hrannarstíg við Grundargötu
„ „ Eyrarvegi við Grundargötu
„ „ Fagurhólstúni við Grundargötu
„ „ Sæbóli við Grundargötu og öllum botngötum við Grundargötu
- 2) Umferð um Hrannarstíg skal njóta aðalbrautarréttar með biðskyldu við eftirtalin gatnamót:
Sólvellir — Hrannarstígur og
Nesvegur — Hrannarstígur
- 3) Merktar gangbrautir skulu vera á eftirtöldum stöðum:
á gatnamótum Sæbóls- Fagurhólstúns- Grundargötu
á Grundargötu gengt Pósthúsi
á gatnamótum Eyrarvegar-Grundargötu
á gatnamótum Hrannarstígs-Grundargötu
á gatnamótum Borgarbrautar-Grundargötu
á Grundarbraut við Hlíðarveg
á Sólvöllum við Hrannarstíg
á Nesvegi við Hrannarstíg
á Hlíðarvegi við Borgarbraut
á Borgarbraut við Kaupfélag
á Nesvegi við Kaupfélag
á Sæból við hús nr. 1 og
á Sæból við hús nr. 24.

Reglur þessar eru settar samkvæmt heimild í 2. mgr. 65. gr. umferðarlaga nr. 40, 23. apríl 1968 að fengnum tillögum hreppsnefndar Eyrarsveitar og koma til framkvæmda þegar í stað.

Með auglýsingu þessari eru numin úr gildi þau ákvæði eldri auglýsinga um umferð í Grundarfirði, sem brjóta í bága við ákvæði auglýsingar þessarar.

Lögreglustjórinn í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu, 10. júní 1985.

Jóhannes Árnason.